

**Nd.**

**24. Frumvarp til laga**

[24. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Ingvar Gíslason, Bjartmar Guðmundsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes í Akureyrarlögsagnarumdæmi fyrir það verð, sem um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en þá vannst ekki tími til afgreiðslu þess, og er það því endurflutt nú. Frumvarpinu fylgdi við frumflutning svofelld greinargerð:

„Árið 1954 var lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar stækkað allverulega, og komu þá nokkrar jarðir, er áður heyrðu til Glæsibæjarhreppi, inn fyrir mörk bæjarins, meðal annarra jörðin Ytra-Krossanes, og eru landamerki þeirrar jarðar að norðan jafnframt norðurmörk lögsagnarumdæmis Akureyrar, svo sem jörðin nær. Það hefur verið yfirlýst stefna Akureyrarkaupstaðar um fjölda ára, að kaupstaðnum bæri að eignast öll lönd og lóðir lögsagnarumdæmis hans, og hefur verið unnið að þessu, svo sem tækifæri hafa gefizt og föng verið á, enda löngu svo komið, að bærinn á meginhluta þeirra, m. a. hefur hann á undanförunum árum keypt sumar þær jarðir, sem 1954 voru lagðar undir lögsagnarumdæmi hans úr Glæsibæjarhreppi. Jörðin Ytra-Krossanes liggur að lóð Krossanesverksmiðju, sem Akureyrarbær á og rekur, og er kaupstaðnum þannig mikilsverð til rýminda fyrir verksmiðjuna og fyrirhugaða olíuhöfn bæjarins þar. Af framangreindum ástæðum og vegna þess að ætla má, að losna fari um erfðaábúð á Ytra-Krossanesi vegna aldurs ábúanda, hefur bæjarstjórn Akureyrar beðið þingmenn úr Norðurlandskjördæmi eystra að flytja frumvarp þetta.

Fylgir hér með sem fylgiskjal nefnd samþykkt bæjarstjórnar.“

Þá fylgdi og eftirgreint fylgiskjal:

**Fylgiskjal.**

AKUREYRARBÆR

Akureyri, 2. apríl 1969.

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bæjarráðs, dags. 27. marz s. l.:

„Óskað lagasetningar um sölu Ytra-Krossaness.

Bæjarráð leggur til, að þess verði farið á leit við alþingismenn Norðurlandskjördæmis eystra, að þeir flytji frumvarp til laga um sölu ríkisjarðarinnar Ytra-Krossaness til Akureyrarbæjar.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

Bjarni Einarsson.

bæjarstjóri.

Hr. alþingismaður, Bragi Sigurjónsson,  
Alþingi, Reykjavík.